



**Skipulagsstofnun**  
Bt. Jakob Gunnarsson  
[jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

14. apríl 2023

2302030

**Gandheimar, efnistaka - umsögn um matsáætlun.**

Á 18. fundi umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar-, og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **29.3.2023** var gerð eftirfarandi bókun:

USNL-nefnd fjallaði um málið á 16. fundi sínum þann 01.03.2023, eftirfarandi bókun var gerð:

*"Erindi dags. 22.02.2023 frá Skipulagsstofnun.*

*Námufélagið ehf. hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

*Óskað er eftir að gefin verði umsögn um matsáætlunina skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.*

*Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort sveitarfélagið hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu.*

*Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum sveitarfélagið telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.*

*Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.*

*Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd samþykkir að fela starfsfólki tæknideildar Hvalfjarðarsveitar að gera tillögu að umsögn og leggja fyrir fund nefndarinnar til afgreiðslu."*

Á fundinum kynnti umhverfisfulltrúi helstu atriði í umsögn sveitarfélagsins.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd felur starfsfólki tæknideildar sveitarfélagsins að svara erindinu á grundvelli umræðna um málið og þeirra áherslna sem fram komu í kynningu umhverfisfulltrúa vegna málsins.

**Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar.**

Á 373. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **12.4.2023** var tekið fyrir mál

**Gandheimar, efnistaka - umsögn um matsáætlun.**

***Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:***

***"Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi umsögn:***

*Ekki er gert ráð fyrir fyrirhuguðu efnistökusvæði í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, hvorki því sem er í gildi, né nýju (óstaðfestu) aðalskipulagi 2022-2032. Þar kemur fram varðandi stefnu sveitarfélagsins um efnistöku- og efnislosunarsvæði að, "efnistaka verður takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu".*

*Samkvæmt 5. kafla matsáætlunar, er gert ráð fyrir að taka jarðfræði, ásýnd og vatnafar til umfjöllunar. Hvalfjarðarsveit gerir ekki athugasemdir við það og telur afar brýnt og mikilvægt að í ásýndarkaflanum sé einnig tekið tillit til áhrifa á landslag og sjónræn áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar metin, enda mun áhrifa svæðisins gæta umfram hið eiginlega framkvæmdasvæði. Meta þarf hvar áhrifanna gætir helst og einnig gera grein fyrir því hvernig svæðið mun líta út að lokinni efnistöku og að loknum frágangi. Hvalfjarðarsveit bendir á gerð líkanmynda í því sambandi, ásamt ljósmyndum og kortagögnum. Í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru friðlýstir jökulgarðar. Þetta eru umfangsmiklir jökulgarðar og bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins. Því tekur Hvalfjarðarsveit undir það að jarðfræðingur skoði svæðið m.a. í þeim tilgangi að greina áhrif efnistökkunnar á jarðfræði og jarðmyndanir svæðisins (bls. 8). Þá eru vatnsból í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði og samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar verða engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað geta brunnsvæðum leyfðar í nágrenni þeirra.*

*Í kafla 5.2 er umfjöllun um umhverfisþætti sem ekki verða til umfjöllunar í umhverfismati. Hvalfjarðarsveit óskar eftir nánari rökstuðningi við hvers vegna fuglalíf er ekki hluti af fyrirhuguðu umhverfismati, þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er í nágrenni við svæði þar sem er mjög auðugt fuglalíf. Í matsáætluninni er ekki fjallað um útivist og ferðamennsku og óskar Hvalfjarðarsveit eftir umfjöllun um þann þátt, þar sem svæðið mun sjást víða að, m.a. frá vinsælum göngu- og útivistarleiðum í Skarðsheiði. Þá liggur reiðleið og/eða göngustígur um svæðið skv. gildandi aðalskipulagi, sem þverar fyrirhugað efnistökusvæði.*

*Að lokum vill Hvalfjarðarsveit benda á að í Hvalfjarðarsveit eru mörg stór efnistökusvæði. Reynslan hefur sýnt að ónæði getur myndast og kvartanir hafa borist vegna þátta eins og umferðar, foks og hávaða í grennd við slík svæði. Því leggur Hvalfjarðarsveit til að slíkir samfélagslegir þættir séu hluti af matsferlinu."*

**Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.**

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jökull Helgason  
Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar  
[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)

## UMSÖGN HEV

**Til** : Jakob Gunnarsson - SLS  
**Frá** : Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>  
**CC** : Heilbrigðiseftirlit Vesturlands <eftirlit@hev.is>  
**Heiti** : UMSÖGN HEV  
**Málsnúmer** : 202301141  
**Málsaðili** : Mannvit hf  
**Skráð dags** : 11.04.2023 16:18:03  
**Höfundur** : Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>  
**Viðhengi** [image001.jpg](#)

Sæll Jakob

Ég læt nægja að gera óformlega umsögn á þessu stigi vegna manneklu.

Framkvæmdin er ekki á aðalskipulagi sveitarfélagsins en mun hafa í för með sér óafturkræfar breytingar á landslagi, Starfsleyfi er háð staðfestu skipulagi. Æskilegt er að gerð sé grein fyrir líftíma námu og að henni sé lokað í áföngum eftir því sem hún vinnst. Þannig liggi fyrir í upphafi áætlun um nýtingu og frágang námu í samræmi við leiðbeiningar þar um.

Framkvæmdin mun hafa í för með sér auka umferð þungaflutninga og búast má við aukinni rykmengun vegna flutninga á malarvegum, umsjón með vegum falla ekki endilega á rekstraraðila námu og því getur verið erfitt að fá rykbindingu þegar á þarf að halda sem gæti kannað á hagsmunaárekstra. Fjalla þarf um umferðaröryggi og mögulega breytingar á vegakerfi þar sem ekið er inn á Vesturlandsveg. Heilbrigðiseftirlitið horfir á umferðaröryggi út frá mögulegri mengun s.s. vegna olíuflutninga og vill lámarka slyshættu á öllum stigum.

Skoða þarf reksturinn út frá mögulegum áhrifum á vatnsból og verndarsvæði þeirra.

Náman sem slík er starfsleyfisskyldur rekstur hjá heilbrigðiseftirliti í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef mótuneyti er fyrir starfsfólk er það starfsleyfisskyld starfsemi í samræmi við lög um matvæli. Ef notaðir eru stórir olíutankar eru þeir eftirlits og mögulega starfsleyfisskyldir og sömuleiðis starfsmannabúðir eða starfsmannabústaðir ef við á.

Kveðja,

Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
s. 431 2750, farsími. 6206566

Kveðja Þorsteinn

---

**From:** Jakob Gunnarsson - SLS

**Sent:** Friday, June 10, 2022 9:47 AM

**To:** bogi.kristinsson@hunathing.is; skrifstofa@hunathing.is; Skipulag ; Guðni Magnús Eiríksson - FISK ; hafogvatn@hafogvatn.is; Rákel Guðmundsdóttir - HAFRO ; Þorsteinn Narfason ; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ; Snorri Sigurðsson - NI ; Móttaka - NI ; os@os.is; Rán Jónsdóttir

---

**Subject:** Holtavörðuheildarlína 1

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn um ofangreinda framkvæmd með tölvupósti þann 10. maí sl. og var frestur til 8. júní. Stofnunin vill ítreka umsagnarbeiðnina og fer þess á leit að hún berist sem fyrst eða að öðrum kosti verði látið vita ef viðkomandi hyggst ekki veita umsögn.

Kveðja

---

**Jakob Gunnarsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Skipulagsstofnun





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2023  
MÍ202303-0100/ 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Efnistaka í landi Gandheima í Hvalfjarðarsveit.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 22. feb. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Námufjélagið ehf. áformar efnistöku í landi Gandheima í Hvalfjarðarsveit á svæði norðan við bæinn Geldingaá. Fyrirhugað námusvæði afmarkast af ánni Geldingaá til austurs, Selhól til norðurs og landamörkum Gandheima til vesturs. Svæðið nær suður að Geldingaá sem liggur í hálfhring sunnan og austan við svæðið. Svæðið er í malarhjöllum sem talið er að hafi myndast við lok síðasta jökulskeiðs. Efnistökusvæðið er um 34 ha af stærð. Athafnasvæði, um 8 ha, er skilgreint suðaustan við efnistökusvæði. Þar er gert ráð fyrir að verði allt að 0,2 ha undir mannvirki fyrir framkvæmdina. Á efnistökusvæðinu og athafnasvæðinu má gera ráð fyrir haugsvæðum og haugsetningu.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Í matsáætlun segir að nýr vegur verði lagður frá efnistökusvæði að núverandi vegtengingu að Geldingaá. Gert sé ráð fyrir að námuvegur verði um 400-500 metrar að lengd og að breidd vegarins verði um 4 metrar.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.2.6 í matsáætlun. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar á svæðinu árið 2003. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. Fornleifaskráningin er barn síns tíma og uppfyllir ekki staðla sem í gildi eru í dag um skráningu fornleifa.

Í matsáætlun segir að í umhverfismatskýrslu verði afstaða skráðra forleifa til fyrirhugaðrar efnistöku og aðkomuvegar sýnd. Þá eru taldar upp fornleifar sem sagðar eru næstar fyrirhuguðu efnistökusvæði skv. skráningu Fornleifastofnunar frá 2003.

Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Minjavörður vill hins vegar vekja athygli á að upptalning í matsáætlun á fornleifum sem sagðar eru næstar fyrirhuguðu efnistökusvæði er


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

misvísandi. Fornleifar sem taldar eru upp og eru í landi Fiskilækjar (BO-105:009, 019, 020 og 023) eru allar mjög langt frá efnistökusvæðinu. Í landi Fiskilækjar er hins vegar gömul gata, Hallandigata (BO-105:006) sem er mun nær efnistökusvæðinu. Gatan er ekki í upptalningu í matsáætlun. Tóftir sels (BO-120:005) og Kálfhóll (BO-120:006) í landi Eystra-Skorholts eru suðvestan við efnistökusvæðið. Þessar fornleifar eru í upptalningunni í matsáætlun. Þar er hins vegar ekki minnst á stekkjartóft (BO-106:011) í Stekkjardal í landi Geldingaár. Tóftin er austan við fyrirhugað efnistökusvæði.

Engin þeirra fornleifa sem næstar eru framkvæmdasvæðinu eru í minna en 100 m fjarlægð frá efnistökusvæðinu og athafnasvæðinu. Fornleifunum ætti því ekki að stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Í matsáætlun segir að ekki sé talin þörf á að fornleifar verð kannaðar á svæðinu nema Minjastofnun telji þess þurfa. Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Minjastofnun telur að ekki sé þörf á að fá fornleifafræðing til að skoða svæðið nánar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 24. mars 2023  
Málsnúmer: 202302-0052  
IAS

## Efni: Umsögn um matsáætlun vegna efnistöku að Gandheimum.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna efnistöku að Gandheimum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og er með eftirfarandi ábendingar.

Fram kemur að Námufréttun ehf. áformi efnistöku í landi Gandheima í Hvalfjarðarsveit norðan við bæinn Geldingaá sökum fyrirsjáanlegs efnisskorts vegna mögulegra fyrirhugaðra framkvæmda á Vesturlandi. Nokkrar stórar efnisnámur eru í nágrenninu og þarf að mati Náttúrufræðistofnunar að færa betri rök fyrir þörfinni á meiri efnistöku áður en ný stór náma verður opnuð á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega verði könnuð áhrif námuvinnslu á jarðfræði og ásýnd og tekur undir að ekki sé þörf á ítarlegri gróðurúttekt þar sem svæðið var gróðurlaus melur sem nýlega hefur verið græddur upp. Hins vegur er ekki tekið undir þá skoðun að umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu svæði og aðliggjandi svæðum sé óþörf. Val á mikilvægum fuglasvæðum byggði á ákveðnum viðmiðum (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/vidmid>) en þar með er ekki sagt að fuglalíf utan slíkra svæða sé á einhvern hátt ómerkilegt/fábreytt líkt og gefið er skyn í matskýrslunni; „*Samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi er fyrirhugað efnistökusvæði ekki tilgreint sem slíkt svæði. Í því ljósi er ekki talin þörf á umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu efnistökusvæði eða aðliggjandi svæði í matskýrslu*“.

Þvert á móti gæti verið töluvert um vaðfugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þeir heyra flestir undir svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands en þar er miðað við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum, Mikið er gengið á búsvæði þessara tegunda víða og ættu sveitarfélög að leitast til að taka tillit til þeirra við hvers kyns skipulag og er vísað til greinar Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020) í því sambandi.

Ekki er heldur tekið undir það að ekki sé þörf á að meta frekar áhrif vegna foks. Í matskýrslunni segir: „*Samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands, sjá mynd 5, eru austan- og*





*suðaustanáttir ríkjandi á svæðinu. Ríkjandi vindátt er í átt að Skorholtsmelum, en vestan við fyrirhugað námusvæði er landsvæði sem liggur hærra í landi og ætla má að sú hækkun í landi myndi takmarka fok frá svæðinu að miklu leyti. Jafnframt er námusvæðið niðurgrafið og jaðar svæðisins uppbyggður sem myndar því skjól og dregur úr líkum á foki.“ Fyrirhuguð náma er það umfangsmikil að full ástæða er að kanna hættu á foki og hver áhrif þess kynnu að verða á nánasta umhverfi.*

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Heimildir

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2023  
UST202302-353/B.S.  
10.05.01

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsáætlun - efnistaka að Gandheimum. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur matsáætlunina ítarlega og þar eru tilgreind öll helstu atriði sem fjalla þarf um við mat á umhverfisáhrifum efnistöku.

### **Framkvæmdin**

Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem náman verður unnin nokkuð djúpt ætti að huga strax að aðlögun námunnar að landi sem getur reynst örðugt ef náman er unnin djúpt alveg að jöðrum. Sjá má dæmi um slíkt í námum við Akrafjall þar sem gæti orðið snúið að fella námurnar að landi.

Einnig ætti að kanna hvort betra sé að vinna námuna í átt að Hringveginum og reyna að nýta ofanafýtingu og frákast til frágangs samhliða efnistöku.

### **Votlendi og fuglalíf**

Umhverfisstofnun vill benda á að ósamræmi er á milli myndar 1 og 6. Á mynd 6 er efnistökusvæðið afmarkað fyrir ofan votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 (á uppgræddu melunum) og nær afmörkunin inn á grannsvæði vatnsverndar. Hins vegar á mynd 1 (Yfirlitsmynd) liggur fyrirhugað efnistökusvæðið og athafnasvæðið í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

Ef fyrirhugað efnistökusvæði nær til votlendisins þarf málsmeðferð framkvæmdarinnar að vera í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga.<sup>1</sup>

Í votlendu geta verið vistgerðir sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningnum og þar geta verið ábyrgðartegundir fugla<sup>2</sup> sem nýta svæðið til varps.

Ef framkvæmdin hefur áhrif á votlendið og fuglalífið þarf að mati Umhverfisstofnunar að meta þessa þætti.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*